

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

*Bráðabirgðalög um breyting á lagaáæðum um verðtolla*, undirskrifuð af konungi 4. janúar 1939, nr. 1.

*Opð bréf er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1939*, undirskrifað af konungi 25. janúar 1939, nr. 2.

*Konungsbréf um setning Alþingis*, undirskrifað af konungi s. d., nr. 3.

*Auglýsing um samning milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum*, undirskrifuð af forsætisráðherra 31. janúar 1939, nr. 4.

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Noregs um innflutning á söltuðu, islenzku kindakjöti og um aðstöðu norskra sildveiða við Ísland*, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. marz 1939, nr. 5.

### **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 1 Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Sand- 16. jan. gerði í Miðneshreppi.**

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu um stækkun verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi ásamt uppdrætti.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 ákveðið, að téð verzlunarlóð, svo sem hún hefir áður verið ákveðin, skuli stækka um sextíu metra breiða spildu norðan af landi Bjáskershverfis, talið frá mörkum Sandgerðis, sem voru og mörk verzlunarlóðarinnar. Að vestan takmarkast viðbótarlóðin af sjónum, en að austan af beinni framlengingu á aðliggjandi austurmörkum verzlunarlóðarinnar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

### **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 2 Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðar á Niður- 22. febr. eyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi.**

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1938, hafið þér herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Mýrasýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðar á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

2 Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk  
22. febr. svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Niðureyju við Straumfjörð í Álftanes-  
hreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér  
segir:

Verzlunarlóðin er um 3,2 hektarar að stærð og tekur yfir svonefnda Niður-  
eyju við Straumfjörð. Undanskilinn er þó suðausturhluti eyjarinnar (Höllubjörg).  
Er sá hluti afmarkaður frá verzlunarlóðinni með grjótgarði, þar sem eyjan er  
mjóst.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður  
að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl  
hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs  
kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin  
eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

3

6. jan.

## REGLUGERÐ

### um próf fasteignasala.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938 er sett eftirfarandi reglugerð um  
próf fasteignasala.

#### 1. gr.

Til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu þarf umsækjandi, auk þess að full-  
nægja skilyrðum 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938, að hafa lokið prófi samkvæmt  
reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Prófið er í tveim hlutum, bóklegum og verklegum.

#### 3. gr.

##### Bóklegi hlutinn.

Prófa skal umsækjanda í þeim lögum og réttarreglum, er telja má að hafi þýð-  
ingu í starfi hans sem fasteignasala.

Skal umsækjandi hafa þekkingu í þessum greinum: Helztu reglur um takmörk  
eignarréttar, sameign, framsal réttinda yfir fasteignum, þinglýsingar, hefð, afnota-  
réttindi, byggingalöggjöf, ítök, afgjaldsskyldur og veð. Ennfremur skal prófa í aðal-  
reglum um lögræði svo og um ógildingarástæður við samninga, um umboð, veðbréf,  
víxla, tékka, ábyrgð og tryggingu.

#### 4. gr.

##### Verklegi hlutinn.

Sá, er ganga vill undir próf, skal senda prófnefnd tvær skýrslur, þar sem skýrt  
skal frá helztu atriðum, er álíta má að haft geti áhrif á verð ákveðinnar fasteignar  
og fylgi skýrslunum útreikningur á arði af eigninni, byggður á hinum tilgreindu  
atriðum. Skal önnur skýrslan snerta fasteign í kaupstað, en hin í sveit.

Með skýrslunum skulu fylgja tilheyrandi fylgiskjöl, þannig að prófnefnd sé  
fært að leggja mat á úrlausn verkefnisins. Ennfremur skal fylgja drengskaparyfir-  
lýsing um það, að umsækjandi hafi einn og án nokkurrar hjálpar gengið frá verk-  
efninu. Áður en dómur er lagður á verkefni er umsækjanda skylt að gefa prófnefnd  
allar þær skýringar og upplýsingar viðvikjandi verkefninu, sem hún telur við þurfa.

Eftir að prófnefnd hefir athugað skýrslurnar, skal umsækjandi í sambandi við